



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi
Erindi nr. P 139/913
komudagur 10.12.2010

Til Efnahags- og skattanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010

Óskað hefur verið eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða við frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga), 313. mál.

Þau ákvæði sem aðallega snerta lífeyrissjóðina fjalla annars vegar um að vilmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10% út árið 2010 og hins vegar að gerðar verði sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem fara með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verðbréfa-sjóðanna, þ.e. að hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.

Landssamtök lífeyrissjóða leggjast ekki gegn þessum breytingum, en benda að tillaga um framlengingu vilmarkanna úr 10% í 15% er ekki gerð samkvæmt ósk samtakanna.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA


Árafni Magnússon